



BLAÐIÐ

40. árg. 3 tbl.
október 2024



Fæðu- umhverfið

Minni pappír
— betra fyrir umhverfið

Skannaðu QR-kóðann
og fáðu blaðið í tölvupósti →





Stundum eru litlu sigrarnir stærstir

Happdrætti SÍBS - Bakhjarl Reykjalundar



Er komið að þér að sigra?

sibs.is / 560 4800

Efnisyfirlit

3

Hvers vegna borðum við það sem við borðum?

4

Manneskjur í breyttum heimi

6

Matarvenjur og heilsa barna

8

Auglýsingar: Veidileyfi á börn

12

Félagslega fæðuumhverfið:

Gildi fjölskyldumáltilða

16

Stefnumótun heilsusamlegs fæðuumhverfis

SÍBS-blaðið

40. árgangur | 3. tölublað | október 2024

ISSN 1670-0031 (prentuð útgáfa)

ISSN 2547-7188 (rafræn útgáfa)

Útgefandi: Heilsumiðstöð SÍBS ehf.

Borgartúni 28a

105 Reykjavík

sibs@sibs.is, www.sibs.is

Ábyrgðarmaður: Guðmundur Löve
gudmundur@sibs.isRitstjóri: Páll Kristinn Pálsson
pallkristinnpalsson@gmail.com

Auglýsingar: Öflun ehf.

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi ehf.

Upplag: 5.800 eintök auk
rafrænnar dreifingarHlutverk SÍBS er að stuðla
að heilbrigði þjóðarinnar.

SÍBS á og rekur

endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund,

öryrkjavinnustaðinn Múlalund,

Heilsumiðstöð SÍBS og

Happdrætti SÍBS.

Hvers vegna borðum við það sem við borðum?



Birna Þórisdóttir
lektor í næringarfræði HÍ



Bryndís Eva Birgisdóttir
prófessor í næringarfræði HÍ

Hvað borðaðir þú í gær? Á hvaða tíma? Með hverjum?

Og hvað stýrði vali þínu á mat og drykk?

Flókið samspil margra ólíkra þátta, sem sumir tengjast innbyrðis, hefur áhrif á það hvað við veljum að borða og drekka. Í þessu blaði er sjónum

beint að fæðuumhverfinu sem samanstendur bæði af áþreifanlegum en ekki síður óáþreifanlegum þáttum sem móta ákvarðanir okkar um fæðuval.

Þessir þættir geta snúið að einstaklingnum, og er einfaldast að horfa til þess að munur er á fæðuvali eftir bæði aldri og kyni. Þá hefur daglegt líf með öllum þeim verkefnum og fólki sem því fylgja, fjölskyldu, vinum, skóla- eða vinnufélögum mikil áhrif, auk þess sem hreyfing, svefn og aðrir lífsstílsþættir móta fæðuval að einhverju leyti líka. Annað sem mikið hefur verið horft til á síðustu árum er hvernig viðhorf okkar og gildi hafa áhrif á fæðuval, en stundum virðist sjálfsmynd okkar speglast í matnum. Þá hefur þekking okkar á mataræði og næringu og færni til að skipuleggja og elda mat heilmikil áhrif, en mataræði getur líka endurspeglað viðhorf okkar og gildi. Minningar okkar um mat og tengingar við gamla góða tíma og fólk sem okkur þykir vænt um hafa líka áhrif.

Aðrir þættir eru að minnsta kosti á yfirborðinu svipaðir hjá okkur sem búum í sama samfélagi. Þar má nefna menningar- og efnahagstengda þætti og viðmið, þó að sjálfsgöðu sé samfélagið fjölbreytt og fæðuumhverfið því sömuleiðis. Hið byggða fæðuumhverfi samanstendur svo af þáttum eins og mótuneyti í skólum og á vinnustöðum, matvöruverslunum og öllum öðrum stöðum þar sem við borðum eða kaupum mat og drykk. Þessu umhverfi er hægt er að breyta eða jafnvel hanna upp á nýtt með fæðuvali í huga. Enn einn áhrifavaldur er svo stefnumótun stjórnvalda sem hefur meiri áhrif á fæðuval en margir halda, svo sem í gegnum verðlag.

Allir þessir hlutar fæðuumhverfisins hafa ólík áhrif á okkur enda erum við mismikið útsett fyrir og meðvitund um ólíka þætti. En skýrasta birtingarmynd þess er kannski hvernig auglýsingar um mat og drykk á samfélagsmiðlum og netinu eru í síauknum mæli að laga sig betur að því sem Algrímur (e. algorithm) telur að muni hafa mest áhrif á okkur.

Fæðuumhverfið hefur þannig mikil áhrif á fæðuval og þar með næringarástand okkar og vellíðan frá degi til dags og heilsu til skamms og langs tíma. Þess vegna skiptir máli að það bjóði upp á fjölbreytt úrval af lítið unnum, næringarríkum matvörum sem gera okkur gott. Einstaklingar geta gert margt til að hafa áhrif á fæðuumhverfi sitt en annað er á ábyrgð stjórnvalda og stjórnenda mótuneyta, verslana og annarra staða sem selja mat og drykk. Við sem einstaklingar getum þó alltaf gert kröfu til þessara aðila að gera sitt besta. Saman getum við mótað heilsusamlegt fæðuumhverfi. 🌱



BORGARBYGGÐ



ÍSLENSKUR TEXTÍLÍÐNADUR HF.



LOPI

Manneskjur í breyttum heimi



Birna Þórisdóttir
lektor í næringarfræði HÍ

Spólum aðeins svona milljón ár aftur í tímann. Sem liður í því að lifa af sem tegund þróuðust skynfæri formæðra okkar og -feðra á þann hátt að senda viðvörunarboð ef þau fundu beiskt bragð (er þetta eitruð rót?) eða súrt (er maturinn skemmdur?). Á hinn bóginn hefur tilhneiging til að sækja í fituríkan mat (næg orka) og sætt bragð (móðurmjólkin og næg orka) verið þróunarlega mikilvæg og má því segja að við séum forrituð til að velja sykur og fitu.

Skynfærin stjórna enn í dag fæðuvali okkar og rannsóknir sýna að það er bragðið af matnum sem hefur mest áhrif á hvað við veljum að borða. Þessi vitneskja er markvisst notuð til að framleiða, selja og halda að okkur orkuríkum, fituríkum og sykurríkum matvæli sem höfða til okkar. Ekki seljast þau nú síður vel ef þau eru líka ódýr, geymast vel, eru í fallegum umbúðum og hægt að neyta þeirra fyrirhafnarlítið á stuttum tíma. Þannig að í stað þess að leiðbeina okkur við val á mat sem nærir okkur án þess að vera eitruður, eins og hjá formæðrum og -feðrum, ýtir þessi líffræðilega tilhneiging nú í dag frekar undir neyslu á næringarsnauðum og mikið unnum mat.

Á sama tíma eykst tíðni ósmittbærra sjúkdóma svo sem hjartasjúkdóma, sykursýki og krabbameina auk snemmbærs dauða en rannsóknir sýna skýr tengsl við fæðuval. Í fæðuumhverfi okkar í dag er mikið af gjörunnum matvörum en þeim var gerð ítarleg skil í marsblaði SÍBS.

Matarhegðun mótast fyrstu æviárin

Sem betur fer lærum við flest að njóta fjölbreyttrar fæðu með alls konar bragði (meira að segja beisku), áferð, útliti og næringargildi sem börn. Við höldum áfram að læra svo lengi sem við lifum, margir læra til dæmis ekki að drekka kaffi fyrr en á fullorðinsaldri.

Hér er að sjálfsögðu ekki átt við nám í hefðbundnum skilningi. Strax í móðurkviði, á öðrum þriðjung í meðgöngu, byrjar barn að kynnst ólíku bragði með því að drekka legvatnið. Það sýnir ólík viðbrögð eftir því hvað mamman hefur borðað, smjattar (ef svo má að orði komast) eða grettir sig. Eftir fæðingu heldur brjóstabarn áfram að kynnst ólíku bragði gegnum móðurmjólkina. Vísbendingar eru til dæmis

um að börn sem hafa kynnst gulrótar- eða spergilkálbragði á fósturskeiði og gegnum móðurmjólk sýni jákvæðari viðbrögð en ella þegar það sjálft fær að smakka gulrót eða spergilkál. Svo þarf barnið auðvitað sjálft að venjast því að borða gulrótina eða spergilkálið (eða hvað sem er). Þar virðist endurtekning vera aðalmálið til að venjast bragðinu og læra að njóta þess, einfaldlega að smakka aftur og aftur - og aftur.

Börn læra líka af samhengi og viðbrögðum annarra.

Orkurík, fiturík og sykurrík matvæli eru stundum notuð sem verðlaun fyrir bæði börn og fullorðna og eru oftast í boði á félagslegum viðburðum eins og hátíðum, veislum og öðrum hátíðarviðburðum. Það eru færri félagslegar aðstæður þar sem fólk lærir að líka vel við heilkorn, ávexti og grænmeti. En þessu má breyta. Fyrstu ár ævinnar skipta lykilmáli við að móta matarhegðun. Þess vegna eru stefnumótun og inngrip sem miða að því að auka aðgengi að hollum og næringarríkum mat í leikskólum og skólum mjög mikilvæg.

Hönnun fæðuumhverfis hefur áhrif á fæðuval


Á hvaða stöðum borðar þú reglulega eða kaupir mat eða drykk? Hjá mörgum eru þetta þónokkrir staðir sem saman mynda hið svokallaða „byggða“ fæðuumhverfi þar sem þú tekur þínar daglegu meðvitundu og ómeðvitundu ákvarðanir varðandi fæðuval. Heimili af öllum stærðum og gerðum, skólar, vinnustaðir, sundlaugar, íþróttahús, veitingastaðir, kaffihús, matvöruverslanir og ýmsar aðrar verslanir, allt eru þetta dæmi um staði sem flokkast undir hið „byggða“ fæðuumhverfi. Víða hefur mikið verið lagt í hönnun umhverfisins með tilliti til þess að þar verði teknar ákvarðanir um fæðuval, oft á efnahagslegum grunni frekar en næringartengdum. Þegar kemur að veitingastöðum hefur þeim þó fjölgað á síðustu árum þar sem hægt er að velja næringarríkari mat og er það vel.

Borðaðir þú fiskinn í mötuneytinu í vinnunni, eða fannst þér hann óspennandi og dreifst nokkra vinnufélaga út í næstu verslun í samlokuleiðangur? Greipstu með þér súkkulaði á leið í sjálfsafgreiðsluna, svona fyrst þú gekkst fram hjá því? Og kannski annað súkkulaðistykki í sjálfsalanum á leið í líkamsræktina – eða var hægt að kaupa banana í afgreiðslunni?

Framboð (hvað er í boði), aðgengi (hversu auðvelt er að nálgast það sem er í boði) og nálægð (hversu lítið þarf ég að leggja á mig til að fá matinn) skipta hér lykilmáli. Gera má breytingar á hönnun umhverfisins á heimilum og mötuneytum

til að hvetja til neyslu á næringarríkari matvælum sem við viljum borða meira af. Ef við viljum til dæmis borða meira af gulrótum heima fyrir þurfa þær að vera til á heimilinu. Gott er að þær séu aðgengilegar ofarlega í grænmetisráðgjöf og enn betra ef þær eru þvegnaðar eða skrældar í boxi á besta stað í ísskápnum. Með því að breyta uppröðun í mótuneytum á þann hátt að fólk byrji að skammta sér grænmeti áður en það fær sér aðalréttinn er líklegt að meira verði borðað af grænmetinu, því þá er meira pláss á disknum.

Þá skiptir hönnun matvöruverslana og uppröðun inni í verslunum lykilmáli fyrir sölu matvara. Hillupláss sem ólíkar vörur fá að leggja undir sig og lykilstaðsetningar, svo sem að vörur séu staðsettar á kassasvæði, geta ráðið miklu um kaup, auk verðlags og annarra þátta. Sérstaklega á þetta við þegar fólk er þreytt, undir álagi, utan við sig eða að flýta sér. Þá ræður ytra umhverfi miklu um val fólks, því heilinn er að reyna að spara sér orkuna sem þarf til að taka meðvitaðar og upplýstar ákvarðanir.



Fæðuumhverfið samanstendur af fjölmörgum þáttum á ólíkum stigum sem hafa áhrif á fæðuval einstaklinga.

Sumarið 2021 gerðu tveir meistaranemar í næringarfræði rannsókn á fæðuumhverfinu í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöðurnar sýndu að kex, sælgæti, gos- og orkudrykkir og snakk fengu að jafnaði tvöfalt meira pláss í hillum heldur en ávextir og grænmeti. Munur milli verslana-keðja var mikill, í einni keðju fengu þessar vörur næstum jafn mikið hillupláss (ekki alveg þó) og annarri fengu kexið og félagar næstum fimmfalt meira pláss en ávextir og grænmeti. Hvergi var ávexti og grænmeti að finna á kassasvæði, en á þeim tíma var í öllum verslunum að finna óheilsusamlega fæðu og stundum mikið af henni, eða allt að 10 fermetra af hilluplássi. Það hvort fæðuumhverfið í matvöruverslunum hvetur viðskiptavinum frekar til að kaupa heilsusamlegar eða óheilsusamlegar matvörur hefur áhrif á mataræði, næringarástand og heilsu, einstaklingsins og samfélagsins alls.

Stefna stjórnvalda hefur áhrif á val neytenda

Í nýlegri landskönnun á mataræði, 2019-2021, kom í ljós að lítið hafði miðað í hollustuátt á þeim 10 árum sem liðin voru frá síðustu könnun. Neysla á ávöxtum og grænmeti var svipuð og áður og neysla á gjörnum sætindum meiri. Dregið hafði úr neyslu sykraðra gosdrykkja en neyslan hafði þó að sama skapi fæst yfir í sykurlausa drykki og margfaldast þegar kom að orkudrykkjum, sérstaklega í yngsta aldurshópnum 18-29 ára. Engar nýlegar rannsóknir eru til á mataræði barna á Íslandi og er brýn þörf á að bæta úr því. Svipuð mynstur í mataræði sjást í öðrum vestrænum löngum.

Einstaklingar eru þó ekki einir ábyrgir fyrir ákvarðanatöku varðandi næringu sína og fæðuval. Ábyrgðin er líka hjá öllum þeim sem koma að fæðukeðjunni í heild, þar á meðal matvælaíðnaðinum, smásöluadílum, markaðsaðilum og fleirum, en stefnur og aðgerðir stjórnvalda geta haft mikil áhrif. Ein leið til að hafa áhrif á neyslu er markaðssetning á óhollum mat til barna og hvatning til fólks um að fá sér stærri skammta í gegnum stækkandi stærðir. Þá eru tilboð sem bjóða meira fyrir minni kostnað algeng og kemur ekki á óvart þar sem matvælaíðnaðurinn er hagnaðardrífinn eins og hver önnur viðskipti. Hins vegar passar það ekki vel við mannslíkamann sem hefur endanlegan fjölda kaloría og næringarefna sem hann þarf til að dafna á hverjum degi.

Stjórnunin við af löngunum eða tökum við upplýstar ákvarðanir?

Hvernig hafa stjórnvöld, verslanir, auglýsingar og verðlag áhrif á næringarbúskap líkamans og heilsu okkar?

Hvaða áhrif getum við haft?

Það er mikilvægt fyrir þá sem sinna stefnumótun að átta sig á hvað stýrir hegðun og vali manna, og hvað knýr áfram eða kemur í veg fyrir sókn eftir næringarríkari matvælum. Þá er jafn mikilvægt að gera sér grein fyrir áhrifum mismunandi stefna, bæði til skamms og lengri tíma, en rannsóknir hafa sýnt að oft er hægt að hafa bein jákvæð áhrif á neyslu eða hvetja til næringarríkara fæðuvals/meiri hollustu með góðri stefnu og eftirliti.

Regluverkfæri geta til dæmis haft áhrif á matarval okkar með því að takmarka birtingu á óhollum mat nálægt afgreiðsluborðum í verslunum eða styrkjum til framleiðslu á næringarríkari vörum. Reglugerðir um skammtastærðir eða takmarkanir á markaðssetningu á óhollum matvælum geta einnig haft áhrif á neyslu. Með því að lækka verð á hollum matvælum, með sköttum eða afslætti, geta stefnumótunartæki haft áhrif á fæðuval einstaklinga, sérstaklega þá sem hafa lægri tekjur.

Heilsusamlegt fæðuumhverfi skiptir sköpum fyrir heilsu og vellíðan frá degi til dags, og til viðhalds andlegri og líkamlegri heilsu til lengri tíma. Það er því til mikils að vinna og mikilvægt að allir taki höndum saman, auki matarumhverfis meðvitund sína og stuðli að/kalli eftir breytingum. 🌱

Matarvenjur og heilsa barna



Dr. Ellen Alma Tryggvadóttir
næringarfræðingur

Maturinn sem við borðum (eða borðum ekki) hefur mikil áhrif á heilbrigði okkar, bæði andlegt og líkamlegt. Fjölbreytt, næringarrikt fæði líkt og er ráðlagt í opinberum fæðuráðleggingum getur aukið líkamlega og andlega vellíðan ásamt því að minnka líkur á lífsstílstengdum heilsufarskvillum og ótímabærum dauðsföllum. Aftur á móti getur of lítil neysla af ávöxtum, grænmeti, heilakornum, baunum, linsum, hnetum og fisk haft ófug áhrif. Það er því ansi mikilvægt að huga vel að því að næra sig og

vanda fæðuvalið til að efla heilbrigði okkar og vellíðan.

Þetta er nú eitthvað sem langflestir vilja stefna að. Flestir vilja borða næringarrikan, fjölbreyttan mat sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan. Flestir leggja einnig mikla áherslu á að börnin þeirra séu vel nærð til að stuðla að heilbrigðum þroska og vexti.



Umhverfið stýrir aðgengi

Hvað er það þá sem kemur í veg fyrir að Íslendingar fylgi fæðuráðleggingum Landlæknis sem eru ætlaðar sem heilsuefflandi fræðsla? Af hverju borða bara 2% Íslendinga fimm skammta af ávöxtum og grænmeti daglega? Af hverju fer trefjaneysla minnkandi á Íslandi, þegar sýnt hefur verið fram á að trefjaneysla geti dregið úr hættu á hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki og fleira?

Oftast er ástæðan samspil margra fjölbreyttra þátta, en það hlýtur að vera skýrt fyrir flestum að umhverfið okkar hefur gríðarleg áhrif hvað varðar fæðuval. Því oftast stýrir umhverfið aðgengi að mat. Ef við skoðum fæðuval hjá börnum sem dæmi. Hafa börn eitthvað um það að segja hvað þau borða? Fá öll börn D-vítamín eða lýsi? Mögulega geta þau valið sér hvað þau borða heima við, en það er þó háð því hvað er til á heimilinu. Sum börn fá D-vítamín heima hjá sér og sum börn fá lýsi í skólanum. En hvað ef hvorugur staðurinn býður upp á það? Börn geta bara borðað það sem aðrir hafa valið að bjóða þeim upp á, enda er það á ábyrgð fullorðinna að næra börn í þeirra umhverfi. Börn fá í nesti það sem foreldri velur eftir því sem til er heima. Börnum er svo boðið upp á hádegismat í skólanum, sem ætti að vera í samræmi við fæðuráðleggingar Landlæknis. Stundum er þeim skammtað en stundum skammta þau sér sjálf. Ef börn fá að velja sjálf, kjósa þau sér oftast þann mat sem þeim finnst góður, enda hafa þau ekki alltaf þroska eða skilning til að velja mat út frá því hvað er gott fyrir þau. Það er á ábyrgð umhverfis þeirra að þau læri það. Í raun hvílir því þessi mikla ábyrgð á höndum allra fullorðinna í umhverfi barna, að sjá til þess að þau hafi aðgengi að næringarriktum fjölbreyttum mat og að kenna þeim af hverju það skiptir máli hvað þau borða.

Skólar

Skólinn er mun meira en lærdómsstaður fyrir börn. Í skólanum borða börn mjög stóran hluta af sinni daglegu fæðu. Skólar spila því stórt hlutverk í að móta og þroska fæðuval, næringarlæsi og í framhaldinu heilsu barna. Þegar börn borða einhæft, næringarsnautt fæði, getur það stuðlað að bæði heilsuskerðingu og síðri frammistöðu í námi. Rannsóknir hafa bent til þess að þau börn sem hafa aðgang að heilsusamlegu fæði í skólanum standa sig betur í námi og að vel samsett mataræði getur bætt einbeitingu, minni og úthaldi.

Það að bjóða upp á næringarrikar heilsusamlegar máltíðir fyrir börn er ekki alltaf auðvelt. Skólar þurfa að halda sig innan ákveðinnar fjárhæðar við innkaup á hráefnum, sem getur skert úrval og gæði matarins. Auk þess geta ýmsir þættir haft áhrif á hvað börnum þykir gott og oft er erfitt að höfða til allra í einu. Í sumum tilvikum eru börn orðin vön fæðumynstri að heiman, sem gerir það flókið að bjóða upp á mat sem þeim finnst of framandi. Oft getur það reynst áhrifamikið að auka við fræðslu barnanna hvað varðar næringu og mat og jafnvel fjölga tækifærum þeirra til að meðhöndla og matreiða nýjar fæðutegundir.



Stundum geta smávægilegar breytingar haft gríðarlega jákvæð áhrif. Í Rimaskóla var nýlega gerð afar áhrifarík heilsuefinglar tilraun. Þar var mælt í nokkra daga hversu mikið skólaborðin borðuðu af grænmeti, sem var borið fram sem blandað salat. Eftir mælinguna fór kennarinn, sem framkvæmdi verkefnið, inn í kennslustofurnar og minnti börnin á mikilvægi þess að borða grænmeti. Hún sagði þeim frá því að það yrði nýtt fyrirkomulag á grænmetinu þar sem þau gætu skammtað sér sjálf og hvatti þau til að smakka fjölbreyttar tegundir. Næst var grænmetið borið fram aðskilið í sér ílátum þar sem börnin gátu skammtað sér sjálf og neysla barnanna mæld á nýjan leik. Eftir þetta litla inngrip jókst sá fjöldi barna sem fékk sér grænmeti úr 19 börnum í 149 börn. Einnig jókst heildarneyslan á grænmeti úr þremur kílóum í rúmlega 47 kíló milli vikna. Það er nefnilega þannig að oft borða börn meira ef þau fá að skammta sér sjálf og ef maturinn er aðgreindur frekar en að vera blandað saman.

En hvernig er hægt að bæta umhverfi barnanna í skólum til að stuðla að því börnin venji sig á heilsusamlegar matarvenjur og velji næringarríkan mat? Í grunninn er aðalatriðið að auka aðgengi að næringarríkum mat og takmarka aðgengi að næringarsnauðum mat.

Sem dæmi væri jákvætt að sleppa sjálfsölum alfarið í skólum, því sjaldnast innihalda þeir næringarríka fæðu og ef börn neyta matvæla úr þeim leiðir það skiljanlega af sér minna pláss fyrir hádegismatinn. Í skólum er hægt að leggja áherslu á það að hafa framboð á grænmeti, ávöxtum og heilakornum fjölbreytt og fallegt. Hægt er að raða þessum fæðutegundum framarlega í matarskömmtnu á aðgengilegan hátt. Hægt er að hafa framsetninguna litríka og jafnvel merkja ílátin með þeim mismunandi næringarefnum sem börnin fá úr ólíkri fæðu.

Það er mikilvægt að stuðla að jákvæðri upplifun barna af matmálistímum með því að hafa matmálsmyndir notað og þægilegt. Eins skiptir lengd hádegishlé miklu máli í því samhengi. Það að bíða í röð í 15 mínútur og hafa svo 10-15 mínútur til að háma í sig mat er eitthvað sem fullorðnir myndu ólíklega sætta sig við. Því væri ákjósanlegast ef hægt er að skipuleggja matmálistímann þannig að öll börn fái hæfilegan tíma til að nærast.

Með því að bjóða upp á ræktunaraðstöðu þar sem börnin geta tekið þátt í ræktun, er hægt að stuðla að jákvæðri upplifun og lærdómi barna um grænmeti, ávæxti og jurtir. Það að auka næringarfræðslu og auka færni barna í að umgangast og matreiða getur svo styrkt þau enn frekar í heilnæmu fæðu-

vali. Aukin þekking og færni í meðhöndlun matvæla á undrómssárum getur stuðlað að heilbrigðari fæðuvekjum allt fram á fullorðinsár.

Heimilin

Heima fyrir er hægt að aðlagða umhverfið með ýmsum hætti líka. Til dæmis með því að hafa heilsusamlega valkostinn sýnilegan og aðgengilegan. Hægt er að setja ávæxti og grænmeti í skálar á borð sem aðgengilegan millibita og setja svo restar í ísskápinn við lok dags. Gætið þess að börnin fái D-vítamín, það er mikilvægt næringarefni sem erfitt er að fá einungis úr mat eða sól á Íslandi.

Ákjósanlegast er að takmarka aðgengi að fæðu sem ætti að neyta sjaldan. Hægt er að útbúa snarl fyrirfram og setja í ísskápinn svo auðvelt sé að sækja næringarríkan millibita. Það er líklegra að börnin narti í afganga eða til dæmis soðin egg, samlokur, grænmetisstrimla, ávaxtabita og þess háttar ef það er tilbúið og fyrirhafnarlaust.

Svo er til dæmis hægt að bjóða oftar uppá mat, gjarnan aðskilinn, í nesti og kvöldmat eða jafnvel raða matnum skemmtilega upp. Þá eru börnin líklegri til að borða hann.



Leyfið börnum að skammta sér sjálf ef hægt er. Hvetjið þau til að fá sér smá fyrst og svo meira ef þau vilja seinna.

Skipuleggið máltíðir fyrirfram og leyfið börnunum að taka þátt í að velja mat og undirbúa hann. Skiljanlega er þetta ekki alltaf hægt í dagsins önn á úlfatíma. En það er þá hægt að velja tíma sem hentar betur og nýta hann í samveru í eldhúsinu með börnunum. Þátttaka og jákvæð upplifun af matreiðslu af og til með foreldrum er betri en engin. Þá má matarumhverfið heima við gjarnan vera notalegt og skjálaut því allir hafa gott af því að aftengja sig og njóta samveru á matmálistímum. Berið matinn fram í og á hæfilegri stærð af matarstellem en stærri glös/diskar/skálar ýta undir að fólk borði og drekki meira magn.

Að lokum má minnst á að matur er byggingarefni líkamans og eldsneyti fyrir hann. Ef við veitum ekki líkamanum þau efni sem hann þarf til að starfa edlilega þá mun það leiða til þess að hann starfi ekki vel, hvorki andlega né líkamlega. Með því að huga betur að umhverfi og aðgengi að mat er hægt að hafa hvetjandi áhrif á fæðuval og þekkingu barna, sem getur leitt til bættrar heilsu þeirra og aukinnar vellíðunar á fullorðinsárum. Þó að erfiðleikar og áskoranir við að bæta fæðuumhverfi geti reynt á, þá er ávinningurinn af því að bjóða börnum gott aðgengi að næringarríkum mat langvarandi og svo sannarlega þess virði. 🌱

Auglýsingar: Veðileyfi á börn



Bryndís Eva Birgisdóttir
prófessor í næringarfræði HI



Jóhanna Eyrún Torfadóttir
lektor við miðstöð
í lýðheilsuvísindum HI

Nýlega bönnuðu Bretar allar auglýsingar til barna fyrir klukkan níu á kvöldin. Auglýsingar á netinu fyrir ruslfæði verða ekki heldur leyfðar samkvæmt nýjum reglum stjórnvalda. Bannið mun taka gildi í október 2025. Norðmenn hafa nýlega einnig sett strangar reglur um auglýsingar til barna, þó að skortur á eftirfylgni hafi þegar verið gagnrýnd.

Á Íslandi hafa verið settar ýmsar reglur og leiðbeiningar, sem hafa þó ekki alveg náð að fylgja tíðarandanum. Varla er minnst á samfélagsmiðla og spurning hvort hægt sé að líta á auglýsingar um gjörunnar matvörur, sætindi og snakk, sem „efni“ sem getur haft skaðvænleg áhrif á þroska barna, þó að rannsóknir síðustu ára geti að mörgu leyti stutt það.

Tengsl milli auglýsinga og fæðuinntöku eru vel þekkt, annars væri engin að auglýsa. Það er þó mjög mismunandi milli einstaklinga hversu mikil áhrif auglýsingar á óhollum mat hafa. Ef við erum svöng þá meiri og á fleiri, en jafnvel hluti þeirra sem er saddur getur fundið fyrir löngun í vöruna sem auglýst er ef hún er líkleg til að kítla bragðlaukana. Sumar rannsóknir sýna minni tengsl hjá fullorðnum en alltaf sterkari, a.m.k. miðlungssterk, hjá börnum og unglingum. Þá er átt við meiri neyslu eftir að horft er á auglýsingar og markaðssettu matvælin eða drykkirnir valin umfram önnur matvæli eða drykki.

Ráðleggingar vísindagreina beinast því yfirleitt að þeirri staðreynd að nauðsynlegt að minnka útsetningu barna fyrir auglýsingum sem auglýsa óheilsusamlegan mat og drykk.

Áleitnar markaðsaðferðir

Í flestum löndum eru auglýsingar fyrir næringarsnauðan mat ráðandi afl umfram næringarríkari mat í fjölmöldum. Fjöldi auglýsinga á gjörunnum eða næringarsnauðum matvælum sem eru hönnuð til að vera bragðgóð, þægileg, ódýr og geymast lengi hefur margfaldast á síðustu áratugum. Þar má nefna sætindi, kex, ýmsar tegundir skyndibita, snakk og alls kyns drykki sykrudum og með gervisætu. Þar að auki hafa orku-drykkir og því um líkt komið sterkir inn á markaðinn og þannig auglýsingamarkaðinn síðustu ár.

Auglýsingar eru áhrifaríkar því þær eru alls staðar í kringum okkur á auglýsingaspjöldum víðs vegar í umhverfinu, í sjónvarpi og öðrum skjámiðlum sem beinar auglýsingar eða duldar auglýsingar í þáttum og myndum, í útvarpi, í gegnum íþróttir, blöð og tímarit, vefsíður, öpp og samfélagsmiðla stundum tengt áhrifavöldum. Oft er notuð þróuð tækni til að búa til efni sem hittir beint í mark og hefur áhrif á okkur. Að baki árangursríkum auglýsingaherferðum liggja þannig oftast heilmiklar rannsóknir (félagssálfræði, sálfræði) og oft er spilað á tilfinningar okkar og góðar minningar, leik og gleði. Oft á tíðum er stílað inn á ákveðna hópa og auglýsingarnar endurteknar út um allt. Þannig síast varan inn í meðvitundina enda vel þekkt að við kunnum betur við þá sem við sjáum oftast (vinir) og á það er meðal annars spilað. Elstu vörumerkin tengjum stundum við góðar minningar, til dæmis á jólum og afmælum og eru þannig orðin góðir vinir sem við höfum alist upp með og viljum ekki endilega sjá á bak.

Næringarsnauðari vörur eru stundum markaðssettar sérstaklega fyrir börn í sjónvarpi og samfélagsmiðlum og í því sem oft lítur út fyrir að vera einfaldir leikir fyrir börn á netinu, teiknimyndir og söng. Auglýsingarnar eru þannig oft bæði litríkar og skemmtilegar, og gera vörurnar í gegnum umbúðirnar að mjög spennandi kosti fyrir börnin. Börn eru nefnilega sérstaklega viðkvæm fyrir auglýsingum, þar sem þau skortir frekar getu en fullorðnir til að skilja á milli og meta á gagnrýnin hátt þau markaðsskilaboð sem í þeim felast. Næringarsnauðari maturinn í litríku umbúðunum verður þá meira spennandi en hefðbundinn næringarríkari matur sem minna er auglýstur. Auglýsingarnar móta þannig óskir barna og getur haft mikil áhrif á matarhegðun, meðvitað og ómeðvitað.

Áhrif á börn geta verið alvarleg

Börn gera sér síður grein fyrir en fullorðnir að þau séu undir áhrifum auglýsinga þegar þau biðja um eitthvað í búðinni, fá ömmu til að kaupa eða biðja um nammi í afmælisgjöf.

Þau eru ómeðvitaðri um að verið sé að stjórna þeim, og hafa tilhneygingu til að treysta því sem þau sjá og heyra. Auglýsingarnar nýta sér þannig tilfinningalega tengingu barna við skemmtun og leik til að kynna fyrir þeim matvæli sem ekki eru góð fyrir líkama þeirra nema í litlu magni sé, en eru hönnuð til að börnum finnist þau góð. Það ýtir undir jákvæðni í kringum vörurnar að þær eru oft notaðar sem verðlaun á heimilinu og við samkomur og hitting.

Afleiðingin er sú að börn verða líklegri til að þróa með sér óhollar matarvenjur sem gætu haft neikvæð áhrif á líkamlega og andlega líðan þeirra til lengri og skemmri tíma. Lítil neysla slíkra matvæla, getur verið gleðigjafi á stundum og virðist hafa lítil áhrif á heilsu. En regluleg neysla næringarsnauðra, sykraðra og saltra afurða, getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu og þroska barna. Rannsóknir hafa sýnt að neysla slíkra afurða hefur minni áhrif á seddustjórnun og líklegra að meiri orku sé neytt en þörf er á. Það ásamt minni hreyfingu en áður var eykur hættuna á langvarandi heilsufarsvandamálum. Þar sem næringarsnauður matur inniheldur oft minna af næringarefnum svo sem vítamínum, steinefnum, trefjum og öðrum hollefnum getur mikil neysla haft áhrif á vöxt, virkni ónæmiskerfisins og vitsmunaproska. Þá er ótalið hvernig það að venja sig snemma á slíkan mat hefur áhrif á minningar sem við höfum um mat og gleði auk þess að móta matarvenjur til langs tíma. Þá getur gjörunninn matur örvað bragðlaukana á annan hátt en annar matur. Sá sem er vanur mjög sætu er þannig ólíklegri til að sækja í ávexti sem viðkomandi finnst þá jafnvel súr á bragðið, hvað þá grænmeti. Enda er það staðreynd að yngri fólk er seinna til að segja til um að drykkir séu sætir en þeir sem eldri eru, sem að hluta til er vegna uppeldis í mun sætara fæðuumhverfi.

Ójafn leikur

Fé sem notað er í markaðsherferð á einu næringarsnauðu eða óþörfu matvæli getur verið margfalt það sem notað er í forvarnir og skilaboð um mikilvægi næringarriks mataræðis á vegum ríkisins á hverju ári. Í Bandaríkjunum eru dæmi um að fjármagn sem fer í auglýsingu á einni stakri matvöru getur verið 10-50 sinnum meira en ríkið eyðir á heilu ári í herferðir sem ætlað er að hvetja landsmenn til að velja næringarriks mataræði. Þá má nefna að hlutfall af verði sem hægt er að nota í auglýsingar er hærra fyrir vörur með langt geymslupól sem ekki þurfa kælikerfi, en fyrir ferskvörur sem þurfa kæli og frysti á sinni leið til neytandans.

Langstærstur hluti nýrra matvara á markaði í dag eru mikið unnar og innpakkaðar, fitu- og sykurrikar vörur. Það er til dæmis vel þekkt bragð til að auka sölu að koma með nýja bragðmöguleika og útgáfur af sömu vöru, jafnvel eftir árstíðum því okkur finnst mörgum svo gaman að prófa eitt-hvað nýtt. Mikið af gjörunnum vörum sem líta út fyrir að vera frá margvíslegum fyrirtækjum hafa verið keypt þannig að á matvælamarkaðnum eru bara nokkur fá stór vörumerki. Neytendur hafa á síðustu árum orðið meira varir við og meðvitaðri um þetta en lítið hefur verið um kröfur til breytinga á þessu umhverfi hér á Íslandi með stuðningi stórra hópa.

Hverjir miðla þessum upplýsingum?

Það geta verið matvælaframleiðendur sjálfir en einnig söluaðilar svo sem þeir sem sinna innflutningi, verslanir og veitinga-sölur. Þá eru áhrifavaldar mjög stór þáttur í nútímanum og halda úti síðum og bloggum sem gerir mörkin milli skemmtunar og auglýsinga óljós. Þar eru þó reglur um að ef vara er sýnd í samstarfi við fyrirtæki á að taka það fram. Sem neytendur tökum við þó misjafnlega eftir slíku, nema við leitum að því sérstaklega. Samfélagsmiðlar eru orðnir stór vettvangur fyrir auglýsingar eins og á YouTube, Instagram og TikTok. Í sjónvarpi er auglýsingar er þó ekki bara að finna milli þátta, heldur eru þættir oft notaðir til að auglýsa vörur sérstaklega. Á síðustu árum hafa augu fólks þó opnast fyrir þessu og ástand í þáttum ætluðum börnum heldur skánað, a.m.k. á Nordurlöndum. Auglýsingaherferðir til að auglýsa næringarrikan mat eru færri en hinar, þó þeim hafi mögulega fjölgað síðustu ár. Þá kemur fyrir að fyrirtæki máli sig í fegurri litum en ástæða er til, með því að vísa til hollustuþátta í vörunni en sleppa þeim sem hafa lélegri prófíl.



Staðan á Íslandi

Á Íslandi er ákvæði um börn og auglýsingar að finna í 7. grein laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þar kemur fram að auglýsingar verði að miðast við að börn sjái þær og heyri og að sýna þurfi sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglunga. Markpóst má ekki senda til barna heldur til forráðamanna. Neytendastofa sér um eftirlitið. Þá segir í reglugerð um viðskiptahætti nr. 160/2009, segir í 28. gr. að það teljist uppáþrengjandi viðskiptahættir og óréttmætt að koma með beina hvatningu til barna um að kaupa auglýsta vöru, eða telja foreldra á að kaupa fyrir þau. Lengra ná þessar reglur ekki en umboðsmaður barna setti fram árið 2009 „Leiðbeinandi reglur um neytendavernd barna“ og er óhollur matur meðal annars tekinn fyrir, en ljóst er að þessum reglum er ekki fylgt að fullu í dag þó auglýsingastofur hafi sínar eigin gæðaleiðbeiningar.

Hvað er hægt að gera?

Til að draga úr áhrifum auglýsinga á næringarsnauðum mat á börn er nauðsynlegt að fara í sameiginlegt átak þar sem foreldrar, samfélagið og stjórnvöld taka þátt. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki við að hjálpa börnum sínum að skilja eðli auglýsinga. Að kenna krökkum að þekkja og efast um innihald slíkra auglýsinga getur gert þeim kleift að taka betri ákvarðanir tengt mataræði. Þá er auðvitað hvatning um að borða næringarrík og lítið unnin matvæli frá unga aldri, og að hafa slíkan mat að mestu á borðum, og kenna börnum um jákvæð áhrif næringar og mikilvægi matarins fyrir hreysti. Þá er kannski það augljósa, að takmarka þann tíma sem börn eyða fyrir framan skjái, sem er gömul saga og ný.

Samfélög og félög af ýmsum toga geta stutt næringarfræðslu og hagsmunagæslu og talað fyrir betri auglýsingamenningu, og stjórnvöld geta upplýst og sett reglugerðir til að vernda börn gegn skaðlegum áhrifum óhollra matvælaauglýsinga og haft mun meira eftirlit. Allt til að standa vörð um velferð komandi kynslóða, bæði frá degi til dags og til lengri tíma. Þá ættu samfélagsmiðlafyrirtæki að gegna stærra hlutverki í að vernda börn gegn auglýsingum.

Alþjóðastofnanir mæla með afskiptum

Talað hefur verið um að í sumum löndum sjái börn allt að 30 þúsund auglýsingar um matvæli á einu ári. Það að leyfa markaðinum að stýra sér sjálfum hefur ekki gengið. Fyrirtæki eru hagnaðardrifið og það felst engin hagnaður í að auglýsa ekki ef næsta fyrirtæki er að auglýsa, þrátt fyrir fin samkomulög um ábyrga markaðssetningu. Í dag eru fjórum sinnum fleiri auglýsingar á matvælum og drykkjum sem ætti að vera bannað að auglýsa samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) miðað við þau sem mælt er með.



WHO telur að það sé forgangsverkefni að takmarka markaðssetningu á óhollum mat og drykk sem beint er til barna og hafa birt ýmsar skýrslur og leiðbeiningar til að aðstoða lönd við slíkar takmarkanir og ráðleggja þeim. Þar er talað um að leyfa eigi auglýsingar á hollustuvörum. Í áhuga-verðri íslenskri rannsókn sem birt var árið 2010 könnuðu Inga Þórsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir hvort börnum finnist matur bragðast betur með Latabæjarmerki á umbúðunum samanborið við upprunalegu umbúðirnar. Þrír leikskólar á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt og 66 börn á aldrinum 3,5-6 ára. Fimm pör af eins matar- og drykkjarsýnum voru notuð í rannsókninni, vatn, gulrætur, brauð, safi og jógúrt. Flest börn svöruðu því rétt að enginn munur væri á bragði á milli tveggja eins matarsýna. Hins vegar, svöruðu milli 27 og 42% (fer eftir vörum) barna að þau vildu frekar borða Latabæjarvöruna. Aðrar svipaðar rannsóknir hafa einnig sýnt að börn velja gjarnan frekar barnamiðaðar umbúðir en venjulegar umbúðir. Hugsanlega væri þannig hægt að snúa taflinu við og nota vinsæl vörumerki til að stuðla að hollu mataræði meðal ungra barna, ásamt öðrum aðgerðum.

Mikilvægi þess að stjórnvöld grípi inn í og setji skýrar reglur og leggi áherslu á eftirlit verður ekki ofsagt – annars erum við búin að gefa veiðileyfi á börn í boði ríkisins. Frelsi fyrirtækja er hér farið að keyra yfir frelsi barna til að vera laus við auglýsingar á matvælum sem geta haft neikvæð áhrif á vöxt og þroska þeirra. Upplýsingarnar hafa áhrif á þekkingu barna á mat og næringu og óskir um innkaup og neyslu á mat.

Embætti landlæknis hefur í nýlegri skýrslu starfshóps um stefnumarkandi aðgerðir í forvörnum á vegum Embættis landlæknis, valið að nefna „aukið eftirlit með markaðssetningu á óhollum matvælum sem beinist að börnum“ sem einn af þeim mikilvægu þáttum sem þarf að vinna. Vonum þá að myndarlegt fjárframlag fylgi þessum þætti inn í framtíðina – þá verður bjartara yfir henni. ✨

Vicks rakatæki léttu öndun, bæta loftið og auka vellíðan



Vicks Top Fill Cool Mist Ultrasonic – rakatæki
Verð kr. 11.666,-



Vicks Ultrasonic rakatæki – Barnvænt
Verð kr. 9.294,-



Vicks Sinus Inhaler – úðatæki
Verð kr. 7.388,-

Vefverslun:
www.donna.is

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

Reykjavík

A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
 AH Flutningar, sendibílar, Hamravík 32
 Arev verðbréfafyrirtæki hf
 ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
 Arkitektastofan OG ehf, Hátúni 6a
 Atlantisflug ehf, Reykjavíkflugvelli og Skaftafelli
 Atorka ehf verktakar og vélaleiga, Vættaborgum 117
 Augnlæknar Reykjavíkur ehf, Hamrahlíð 17
 Álnabær ehf, verslun, Síðumúla, Keflavík og Akureyri
 Ásar, Ellen Ingvadóttir- löggiltur dómtúlkur og skjalafþjandi
 B&B gluggatjaldahreinsun ehf, Grandagarði 16
 Barnasálfræðistofan
 BBA FJELDCO ehf, Katrínartúni 2
 Bilahöllin-Bilaryðvörn hf, Bildshöfða 5
 Bílamálun Pálmars ehf, Vagnhöfða 20
 Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar, Hyrjarhöfða 4
 Bílasala Íslands ehf, Skógarhlíð 10
 Bílasalan Heimsbílar ehf, Kletthálsi 2
 Bílasmiðurinn hf, Bildshöfða 16
 Björkin ljósmæður ehf, Síðumúla 10
 Bjóssi IG ehf, vörubílaþjónusta
 Blómasmiðjan ehf, Efstalandi 26
 Bor ehf, Eldshöfða 23
 Borgar Apótek, Borgartúni 28
 Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15
 Bókabúð Forlagsins, Fiskislóð 39
 Bókabúðin Sjónarlind, Bergstaðastræti 7
 Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2a
 Bókhaldsstofa Haraldar sf, Suðurlandsbraut 32
 Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
 BSRB - bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Grettisgötu 89
 Café Loki, Lokastíg 28
 Dagný Land Design ehf, Brekknaási 9
 Dansrækt JSB ehf, Lágmúla 9
 Drífa efnaflug og þvottahús, Hringbraut 119
 Dubliners.is
 EEV Framkvæmd og ráðgjöf ehf, Smárrima 25
 Eldur og ís - Ísbúð og ferðaþjónusta, Skólavörðustíg 2
 ENVRALYS ehf
 Farmasia, Stigahlið 45-47
 Félag skipstjórnarmanna, Grensásvegi 13
 Félag slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna, Brautarholti 30, 2 hæð
 Finka ehf, málningarverktakar, Norðrási 6
 Fjaðrabúðin Partur ehf, Eldshöfða 10
 Fjárhald ehf
 Fjölvör ehf, olíurannsóknir, Hólmaslóð 8
 Föt og skór ehf, Kringlunni 6
 Gastec ehf, Vagnhöfða 9

Gatnaþjónustan ehf, Úrkoti
 GA húsgögn ehf, Ármúla 19
 GB Tjónaþjónustur ehf, Draghálsi 6-8
 Gleipnir verktakar ehf, Vagnhöfða 20
 Gleraugnaverslunin Glæsibæ ehf, Álftheimur 74
 Golfskálinn, golfverslun, Bildshöfða 16
 Grettir, vatnskassar ehf, Vagnhöfða 6
 Grænn markaður ehf, Réttarhálsi 2
 Gullkistan skrautgripaverslun-www.thjodubuningasilfur.is, Frakkastíg 10
 H og S byggingaverktakar ehf, Árskógar la
 H.N. markaðssamskipti ehf, Bankastræti 9
 Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
 Hagvangur ehf, Skógarhlíð 12
 Hallgrímskirkja, Hallgrímstorgi I
 Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgötu I
 Hampiðjan hf, Skarlagörðum 4
 Hárgreiddustofan Delila & Samson, Vörpurgötu 2
 Hársnyrtistofan Aida, Blönduhlíð 35
 Heildverslunin Glit ehf, Krókhálsi 5
 Hið íslenska bókmenntafélag, Hagatorgi
 Hitastýring hf, Ármúla 16
 Hjá Ingvarsson ehf, Vesturási 5
 Hjúkrunarheimilið Skjól, Kleppsvægi 64
 Hljóðbók sf, Ármúla 7b
 Hlusta.is, hljóðbókasafn-mikið af íslensku efni, Laugavegi 163
 Hraði ehf, Ægisíðu 115
 Hreinsitækni ehf, Stórhöfða 37
 HS smíðar ehf, Vættaborgum 120
 Húsaklæðning ehf-www.husco.is, Kaplaskjólsvægi 93
 Höfðahöllin bílasala, Funahöfða I
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Ídnú útgáfa, Brautarholti 8
 Innigardar ehf, Hraunbær 117
 INNlífur Innréttingaverslun, Suðurlandsbraut 26
 Innnes ehf, Korngörðum 3
 ÍslandsApótek ehf, Laugavegi 53b
 Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8
 Íslenska útlutningsmiðstöð hf, Síðumúla 34
 Íslenski barinn ehf, Ingólfsstræti la
 Ísloft blikk- og stálsmíða ehf, Bildshöfða 12
 Ís-spor ehf, Síðumúla 17
 Íþróttabandalag Reykjavíkur, Engjavegi 6
 Íþróttasamband fatlaðra, Engjavegi 6
 Jeppaþjónustan Breytir ehf, Stórhöfða 35
 JHM - sport.is, Stórhöfða 35
 John Lindsay hf, Klettagörðum 23
 Jón Audunn Kristinsson - Pipulagningameistari, Efstaleiti 27
 Jón og Óskar úra- og skartgripaverslun, Laugavegi 61, Kringlunni og Smáralind
 JYSK, Höfðabakka 9
 K. H. G. Þjónustan ehf, Eirhöfða 14
 Kemi ehf-www.kemi.is, Tunguhálsi 10
 Kjaran ehf, Síðumúla 12-14

KK Kranabill, Bäsenda 10
 Klettur-Skipaafgreiðsla ehf, Korngörðum 5
 Krua Thai, veitingastaður, Skólavörðustíg 21a
 Könnuður ehf, Borgartúni 20
 Landsamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
 Landvernd, Guðrúnartúni 8
 Laugarásbió, Laugarási
 Ljósmyndir Rutar og Silju ehf, Skipholti 31
 Loftmyndir ehf, Laugavegi 13
 Lyfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22
 Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf, Borgartúni 25
 Malbikunarstöðin Höfði hf, Sævarhöfða 6-10
 Matborðið ehf, Bildshöfða 18
 Meba- úr og skart, Kringlunni og Smáralind memaxi.is
 Minn tannlæknir ehf - Geir A. Zoega, Stórhöfða 17
 MS Armann skipamiðlun ehf, Tryggvagötu 17
 Norda ehf, Suðurlandsbraut 10
 Nordic Office of Architecture ehf, Hallarmúla 4
 Nýja bílahöllin ehf, Kletthálsi 2
 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Kringlunni 7
 Oliudreifing ehf, Hólmaslóð 8
 Orka ehf, Stórhöfða 37
 Ófeigur gullsmíða ehf, Skólavörðustíg 5
 Ólafur Gardarsson hrl
 Ósal ehf, Tangarhöfða 4
 Óskaskrín ehf, Suðurlandsbraut 30
 Pfaff hf, Grensásvegi 13
 Þjakkur ehf, Sóleyjarrima 119
 PK Arkitektar ehf, Brautarholti 4
 PricewaterhouseCoopers ehf, Skógarhlíð 12
 Rafter ehf, Suðurlandsbraut 16
 Raflex ehf, Lambhagavegi 9
 RAFMENT - fræðslusetur rafíðnaðarins, Stórhöfða 27
 Rafstjórn ehf, Stangarhyl la
 Rafvöðgerðir ehf, Reykási 24
 Rannsókn- og háskólanet Íslands, Dunhaga 5
 Reidhjólaverzlunin Berlín, Háaleitisbraut 58-60
 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu
 Réttur - ráðgjöf & málflytningur, Klapparstíg 25-27
 Ríkki Chan ehf, Kringlunni 4-12 og Smáratorgi I
 Ríkislögreglustjórnin, Skúlagötu 21
 Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvoði 10a
 Rýni endurskoðun ehf, Suðurlandsbraut 18
 S.Ó.S. Lagnir ehf, Bildshöfða 18
 Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu, Grettisgötu 89
 Samtök starfsmanna fjármálaþjónustakjæja-SSF, Nethyl 2e
 Scala, hárgreiddustofa, Lágmúla 5
 SHV pipulagningaþjónusta ehf, Funafold 54
 Sjáðu gleraugnaverslun, Hverfisgötu 52
 Sjúkraliðafélag Íslands, Grensásvegi 16
 Sjúkraþjálfun Styrkur ehf, Höfðabakka 9
 Skolphreinsun Ásgeirs sf, Unufelli 13
 Skorri ehf, Bildshöfða 12

Smith og Norland hf, Nóatúni 4
 Stansverk ehf, Hamarshöfða 7
 Stilling ehf, Kletthálsi 5
 Straumkul ehf, Víðarási 79
 Strætið bs, Hesthálsi 14
 Stryja ehf, Depluhólum 5
 Subway, Suðurlandsbraut 46
 SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Borgartúni 35
 Sysstrasamlagið ehf, Óðinsgötu I
 Tark - Arkitektar, Hátúni 2b
 Teikna - teiknistofa arkitekta ehf, Suðurlandsbraut 20
 Terra Export ehf, Nethyl 2b
 Tékland bifreiðaskoðun ehf, Hátúni 2a
 THG Arkitektar ehf, Faxafeni 9
 Tóbaksverslunin Björk, Síðumúla 13 og Bankastræti 6
 Tónastöðin ehf, Skipholti 50d
 Trans Atlantic ehf - ferðaskrifstofa, Síðumúla 29
 Trésmiðja Pálma ehf
 Triton ehf, Grandagarði 16
 Trivium ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
 Tösku- og hanskabúðin ehf, Laugavegi 103
 Úðafoss ehf, efnaflug, Vitastíg 13
 Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
 Vagnar og þjónusta ehf, Tunguhálsi 10
 Verkfræðistofan Víðsjá ehf, Tryggvagötu 11
 Verkfærasalan ehf, Síðumúla 9
 Verksýn ehf-www.verksyn.is, Síðumúla I
 Verslunin Álfheimar, Álftheimur 2
 Verslunin Vinberid, Laugavegi 43
 Vesturgarður ehf, Laugavegi 59
 Vélar og skip ehf, Hólmaslóð 4
 Vilhjálmsson sf, heildverslun, Sundaborg I
 Vinnumálastofnun, Grensásvegi 9
 Vinstrihreyfingin Grænt framboð - Vinstri Græni, Túngötu 14
 VK verkfræðistofa ehf, Suðurlandsbraut 46
 VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
 Vörkuþing ehf, heildverslun, Lambhagavegi 5
 Wiium ehf, Vesturfold 34
 Würth á Íslandi ehf, Norðlingabraut 8
 memaxi.is
 Þór hf, Krókhálsi 16
 Þula listagallerí, Hverfisgötu 4

Seltjarnarnes

Nesskip hf, Austurströnd I
 Veislan veitingaeldhús-www.veislan.is, Austurströnd 12

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
 AP varahlutir ehf, Smiðjuvegi 4
 Arkis arkitektar ehf, Vesturvör 7
 Arnardalur sf, Þinghólsbraut 58

Félagslega fæðuumhverfið: Gildi fjölskyldumáltíða



Dr. Nicklas Neuman
dósent í næringarfræði
við Uppsala Háskóla, Svíþjóð

Um allan heim sest fólk reglulega niður og borðar saman. Það hefur verið gert með ýmsum hætti í gegnum tíðina í nánast öllum menningarheimum sem við þekkjum. Fræðilega séð er því hægt að rýna í sameiginlegar máltíðir á ýmsa vegu, til dæmis sem tákni fyrir menningarleg fyrirbæri, sem tækifæri til að greina félagsleg samskipti, sem möguleika á að rannsaka matarhegðun með sálfræðilegum aðferðum, eða bara daglegar sveiflur í fæðuvali fólks. Máltíðin getur sem slík verið öflugt fræðilegt tól allt

frá hugvísindum til heilbrigðisvísinda. Máltíðin auðveldar okkur að skilja það sem við köllum „félagslega fæðuumhverfið“ – þá félagslegu þætti sem hafa áhrif á hvaða mat við borðum. Félagslega fæðuumhverfið er þar með einn af þeim lykilþáttum sem stuðla að hollum matarvenjum. Hér á eftir verður aðaláherslan á fjölskyldumáltíðina, einkum stöðu þekkingar þegar kemur að hlutverki fjölskyldumáltíða í heilsu og velferð barna og ungmenna.

Hvað er fjölskyldumáltíð?

Í raun er engin ein ákveðin skilgreining til á orðinu „máltíð“. Stundum er átt við hvert skipti sem einstaklingur borðar eitthvað, stundum er átt við hvað er á disknum (t.d. „grænmetis máltíð“ eða „lágkolvetnamáltíð“). Þriðji möguleikinn er að máltíð sé fæðutengdur viðburður þar sem tímaramminn er afmarkaður og kjarni athafnarinnar er að borða. Þessi skilgreining máltíðar er umfjöllunarefni þessarar greinar. Ef ég kem við í götusjoppu og gríp mér hamborgara má kalla það máltíð, en ef ég fæ mér nasl á meðan ég horfi á bíómynd er það ekki máltíð því meginathöfnin var áhorfið. Þetta er engan veginn fullkomin skilgreining, en hún hjálpar okkur að skilja máltíðina sem miðlæga athöfn í því hvernig við skipuleggjum daglegt líf okkar.

Fjölskyldumáltíðin flokkast svo eftir félagslega samhenginu, það er að segja fjölskyldunni en fjölskylda er í reynd annað hugtak sem mætti skilgreina á ýmsa vegu. Hvað nákvæmlega myndar fjölskyldu getur kannski virst augljóst, en staðreyndin er sú að það er mikil fjölbreytni í því hvað fólk telur til fjölskyldu, bæði innan og milli menningarheima. Það hvað fjölskylda merkir getur því einnig verið mismunandi í ólíkum rannsóknum, sem er mikilvægt að hafa í huga þegar meta á gildi fjölskyldumáltíða fyrir heilsu og velferð. Stundum er einfaldlega spurt um fjölskylduna og þá svarar þátttakandinn út frá sinni eigin sýn. Vandinn við það er ónákvæmari samburður milli einstaklinga. Fyrir einn kann fjölskylda að þýða tveir fullorðnir og eitt barn, en fyrir annan fjórir fullorðnir og þrjú börn, þannig að „fjölskyldan“ er ekki eins. Svo er hægt að spyrja með hverjum síðasta máltíð var borðuð og leggja það í hendur rannsakandans að skilgreina hvort það var fjölskyldan eða ekki. Hvaða leið sem farin er við að meta bæði hvað er máltíð og hvað er fjölskylda er vert að hafa í huga að slíkt getur haft áhrif á niðurstöður og túlkun þeirra. Þetta á ekki síst við þegar mikilvægar spurningar liggja til grundvallar eins og áhrif á heilsu og líðan.

Reglulegar fjölskyldumáltíðir

